

Reykjavík 28. nóvember 2018

Umsögn v/ Frumvarp til laga um breytingu á lögum um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði, nr. 44/2014 (gjaldtaka vísindasiðanefndar).

Undirrituð vilja gjarnan koma á framfæri athugasemdum varðandi drög að nýjum lögum frá Velferðanefnd Alþingis er varða gjaldtöku fyrir umsóknir til Vísindasiðanefndar.


Okkar helstu athugasemdir við frumvarpið lúta að því að íslenskt vísindastarf er stórkostlega undirfjármagnað sé miðað við önnur lönd í Skandinavíu. Á Íslandi eru færri samkeppnissjóðir sem styrkja vísindastarf en á hinum Norðurlöndunum og þeir sjóðir sem eru til staðar eru mun minni að umfangi en sambærilegir sjóðir utan landsteinanna. Þar að auki er hámarksupphæð hvers styrks sem veittur er mun lægri en þekkist í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Ofan á þetta bætist að öll umgjörð vísindastarfs á Norðurlöndunum er mun betri en hérlendis. Bein fjárframlög til rannsóknastofnana á heilbrigðissviði eru hærri og þær miklu betur búnar öllum innviðum. Þess vegna er með öllu ótækt að bera saman Ísland og Norðurlöndin þegar kemur að þeirri gjaldtöku sem hér er lögð til.

Noregi tekst með góðum hætti að halda uppi mjög öflugri vísindasiðanefnd án sambærilegrar gjaldtöku og það er engin ástæða til að ætla að Ísland geti það ekki líka. Enda hefur nefndin verið rekin með þeim hætti hingað til. Gjaldataka er alls ekki forsenda vandaðra vinnubragða að þessu leyti.

Til viðbótar er þeirri spurningu ósvarað hvaðan vísindamenn eiga að fá það fjármagn sem þarf til að greiða Vísindasiðanefnd fyrir leyfi til rannsókna? Enginn vísindasjóður fjármagnar kostnað sem þennan. Enda þurfa öll rannsóknaverkefni að hafa fengið leyfi frá viðeigandi nefndum, þar með vísindasiðanefnd, áður en hægt er að sækja um styrki til að fjármagna rannsóknina. Þannig virðist augljóst að stærstu áhrif þessa frumvarps verði að auka flækjustig hagaðila.

Hlutverk stjórnvalda á Íslandi ætti að vera að efla og styrkja vísindastarf í landinu en ekki standa fyrir íþyngjandi gjaldtöku sem þessari. Ísland hefur allt að vinna þegar kemur að því að styrkja vísindastarf hérlendis en það endurspeglast sannarlega ekki í frumvarpinu sem hér er lagt fram.

Virðingarfyllt,




Aðalgeir Arason, M.Sc.
Klínískur prófessor
Landspítali



Bylgja Hjilmarsdóttir, PhD,
Meinafræðideild
Landspítali



Inga Reynisdóttir, PhD
Klínískur prófessor
Landspítali



Rósa Björk Barkardóttir, cand.scient.
Klínískur prófessor
Landspítali